

nefndar Héraðssk. á Laugarvatni um árabíl frá 1951. Alþingismaður 1949-67, (sem varaþm. til 1951, 2. þm. Árnesinga 1951-59 og 5. þm. Suðurlandskjördæmis 1959-67). Forseti efri deildar Alþingis 1959-67. Yfirskoðunarm. ríkisreikninga 1964-67. Í framkvæmdastjórn Verzlunarráðs Ísl. um skeið. K. 10. okt. 1925 Kristín, f. 8. febr. 1904, Guðmundsdóttur kaupfélagsstj. á Eyrarbakka, síðar kaupmanns á Selfossi, Guðmundssonar og k.h. Ragnheiðar Lárusdóttur Blöndal.

**Sigurður Ólafsson**, f. 7. marz 1916 á Brimilsvöllum í Fróðárhrr., Snæf. For.: Ólafur Bjarnason b. og hreppstj. þar og k.h. Karólína Kristjánsdóttir. Stúd. M.R. 1936. Nám í læknadeild Hásk. Ísl. 1936-38. Nám í Rvíkur Apóteki 1938-41. Aðstoðarlyfjafræðingur frá Lyfjafræðingask. Ísl. 1941. Kandidatspróf frá Philadelphia College of Pharmacy and Science í Bandar. 1943. Lyfjafræðingur í Rvíkur Apóteki 1944-62. Yfirlyfjafr. og staðgengill lyfsala öðru hverju síðari árin. Lyfsali í Rvíkur Apóteki frá 1. júlí 1962. Í skólastjórn Lyfjafræðingask. Ísl. 1952-57. Í lyfjaverðlagsnefnd 1960-62. Í lyfjaskrárnefnd 1963-76, form. til 1973. Í stjórn Lífeyrissjóðs apótekara og lyfjafræðinga 1955-61. Í stjórn Lyfjafræðingafél. Ísl. 7 ár, form. 1944, 1949-50 og 1952. Í stjórn Ísl.-ameríska félagsins 1946-58. Rit: Lyfjasamheiti, Rvík 1968. K. 15. des. 1944 Þorbjörg, f. 1. nóv. 1918, Jónsdóttir læknis í Rvík Kristjánssonar og k.h. Emilíu Sighvatsdóttur.

**Sigurður Jón Ólafsson**, f. 4. des. 1916 í Rvík. For.: Ólafur Jónatansson frá Kolbeinsstöðum í Kolbeinsstaðahr., verkam. í Rvík, og Þuríður Jónsdóttir frá Elliða í Staðarsveit. Söngvari í Rvík. Hefur jafnframt stundað ýmis störf, svo sem bifreiðaakstur, aðstoðarstörf á Rannsóknastofu Hásk. Ísl. og að Keldum og verið starfsmaður hjá SÍS. Er nú starfsmaður Páls A. Pálssonar yfirdýralæknis sem kjötskoðunarmaður, einnig skipaður fóðureftirlitsmaður í Rvík. K. 8. okt. 1937 Inga Valfríður (Snúlla), f. 10. nóv. 1918, Einarsdóttir b. í Miðdal í Mosfellssveit Guðmundssonar og k.h. Valgerðar Jónsdóttur frá Mýrarkoti á Álftanesi.

**Sigurður Ólafsson**, f. 6. sept. 1918 á Langeyri í Álftafirði, N.-Ís. For.: Ólafur Sigurðsson hreppstjóri á Flateyri við Önundarfjörð og k.h. Valgerður Guðmundsdóttir. Nám hjá séra Böðvari Bjarnasyni á Hrafseyri 1936-38. Kennarapróf 1941. Kennari við barnask. á Ísafirði 1943-56 og við barnask. í Hafnarfirði 1956-57. Skólastjóri barna- og unglingsk. í Sandgerði frá 1957. Hreppstjóri Miðnes-hrepps frá 1972. Var lengi bókavörður hrepps bókasafnsins í Sandgerði. K. 10. ág. 1943 Guðrún Hansen, f. 27. maí 1921, dóttir Jörgens J. Hansens framkvstj. í Rvík og k.h. Ingu Skúladóttur.

**Sigurður Ellert Ólason**, f. 19. jan. 1907 á Stakkhamri í Miklaholts-hr., Hnapp. For.: Óli Jón Jónsson oddviti og sýslunefndarm. þar og Þórunn Ingibjörg Sigurðardóttir frá Skeggstöðum í Svartárdal. Stúd. M.R. 1928. Cand. juris Hásk. Ísl. 1933. Hrl. 25. okt. 1941. Skjala-